

Mánudaginn 15. október 1984.

Nr. 10/1984. **Sveitarstjóri Borgarneshrepps
f.h. hreppsins**

(Óskar Magnússon cand.jur.)

gegn

**Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
vegna félagsmanna þess, er hjá
hreppnum starfa**

(Gestur Jónsson, hrl.).

Verkfall. Ólögmæt vinnustöðvun. Opinberir starfsmenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Ragnar Halldór Hall og Sigurfinnur Sigurðsson Málið, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefni og birtri 11. október 1984.

Stefnandi málsins er sveitarstjóri Borgarneshrepps í Mýrasýslu f.h. hreppsins.

Stefndi er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja vegna félagsmanna þess, er hjá hreppnum starfa, en þeir eru:

- | | |
|--|----------------|
| 1. Bragi Óskarsson, Böðvarsgötu 10, | nr. 1409-5543, |
| 2. Elsa Arnbergadóttir, Þórunnargötu 5, | — 2082-9680, |
| 3. Gróa E. Rögnvaldsd., Tröð, Norðurárdal, | — 2775-0052, |
| 4. Guðrún Georgsdóttir, Böðvarsgötu 7, | — 3242-4899, |
| 5. Helga B. Þorsteinsd., Gunnlaugsgötu 21, | — 3948-0573, |
| 6. Herdís Jónsdóttir, Kveldúlfsgötu 24, | — 4029-7545, |
| 7. Pétur Sverrisson, Mávakletti 2, | — 7115-0437, |
| 8. Ragnar Ásmundsson, Gunnlaugsgötu 13, | — 7156-1038, |
| 9. Sigríður J. Tyrfingsd., Borgarvík 15, | — 7672-4601, |
| 10. Sigurgeir Erlendsson, Höfðaholti 3, | — 7927-2744, |
| 11. G. Sólveig Harðard., Þorsteinsgötu 10, | — 3019-9960, |
| 12. Stefán Bragason, Böðvarsgötu 10, | — 8336-7091, |
| 13. Sveinn Árnason, Þórðargötu 14, | — 8732-0782, |
| 14. Vignir H. Sigurþórsson, Borgarvík 20, | — 9241-4256, |

Dómkröfur stefnanda eru þær, að verkfall ofangreindra starfsmanna, sem hófst 4. október 1984, verði dæmt ógilt og að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

I.

Af hálfu stefnanda er svo frá skýrt, að hinn 5. júní 1984 hafi verið gerður aðalkjarasamningur milli Borgarneshrepps og Bandalags starfamanna ríkis og bæja. Samningur þessi hafi gilt til 31. mars 1985, en samningsaðilum hafi verið heimilt að segja upp launaliðum hans með mánaðarfyrirvara, þannig, að þeir yrðu lausir 1. september 1984 og 1. janúar 1985. Þessarar heimildar hafi stefndi neytt og tilkynnt stefnanda með bréfi, dagsettu 24. júlí 1984, slíka uppsögn miðað við 1. september sl. Nýr samningur hafi ekki komist á milli aðila, og boðun um verkfall hafi hvorki borist stefnanda né ríkissáttasemjara. Þrátt fyrir það hafi félagsmenn stefnda byrjað verkfall hjá stefnanda hinn 4. október sl. Þetta sé skýlaust brot á ákvæðum 19. gr. reglugerðar nr. 236/1976 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan BSRB, sem kveði á um, að ákvörðun um vinnustöðvun beri að tilkynna ríkissáttasemjara og þeim, sem hún beinist að, skemmst 15 sólarhringum áður en hún skal hefjast. Sé vinnustöðvun félagsmanna stefnda því bersýnilega ólögmat, og sé mál þetta höfðað í þeim tilgangi að fá hana dæmda ógilda.

Starfsmenn sveitarfélaga geti gert kjarasamning með tvennum hætti, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 236/1976. Starfsmannafélag, sem sveitarfélag viðurkennir, geti samið við sveitarfélagið, og auk þess geti starfsmenn sveitarfélags átt beina aðild að BSRB. Sé þá einnig tvennt til, að samið sé formlega, eins og gert hafi verið af aðilum þessa máls, eða að farið sé eftir samningum BSRB og ríkisins án nokkurra formlegra samskipta milli aðila.

Stefnandi og stefndi hafi gert með sér formlegan kjarasamning samkvæmt reglugerð nr. 236/1976. Verkfall án verkfallsboðunar sé svo ótvírætt brot á 19. gr. reglugerðarinnar, að ekki þurfi að fara um það mörgum orðum. Sú málsástæða ein, sem stefndi gæti hugsanlega borið fram, að verkfallsboðun BSRB gagnvart aðilum hafi sjálfkrafa gilt gagnvart stefnanda, eigi sér enga stoð. Stefnandi sé sjálfstæður samningsaðili við BSRB og eigi sama rétt á formlegum samskiptum og aðrir viðsemjendur þess. Þetta hafi stefndi viðurkennt með því að senda stefnanda formlegt uppsagnarbréf, og

væri það furðulegur skilningur, að ekki bæri að tilkynna svo viðurhlutamikla ákvörðun sem vinnustöðvun með sama hætti. Í því sambandi megi vísa til dómsskjala nr. 7 og 8, þar sem Starfsmannafélag ríkisstofnana tilkynnti öllum viðsemjendum sínum, smáum sem stórum, ásamt ríkissáttasemjara, ákvörðun sína um verkfall formlega, þótt sú tilkynning sé raunar ólögsmæt vegna of skamms fyrirvara.

II.

Af hálfu stefnda er tekið fram, að hjá stefnanda starfi 22 einstaklingar, sem séu með svokallaða einstaklingsaðild að BSRB. Þessi hópur myndi ekki starfsmannafélag, en samkvæmt 4. gr. laga BSRB þurfi a.m.k. 35 einstaklinga til þess að mynda sérstakt starfsmannafélag. Af því leiði, að einungis í stærri sveitarfélögum sé grundvöllur til stofnunar sérstaks starfsmannafélags, sem njóti þá sjálfstæðrar aðildar að BSRB.

Aðeins einu sinni áður en yfirstandandi verkfall skall á, hafi komið til vinnustöðvunar af hálfu BSRB, en það hafi verið 11. október 1977. Ákvörðun um verkfallið og boðun þess hafi þá farið fram með þeim hætti, að á fundi stjórnar og samninganefndar þann 5. september 1977 hafi verið samþykkt tillaga um verkfallsboðun. Boðun verkfallsins hafi farið þannig fram, að starfsmannafélög sveitarfélaga innan BSRB hafi boðað verkfallið hvert fyrir sig skriflega til viðkomandi sveitarstjórnar. BSRB hafi hins vegar tilkynnt aðalviðsemjanda sínum, fjármálaráðherra, um verkfallið. Ekki hafi verið send út sérstök skrifleg boðun til þeirra sveitarfélaga, þar sem engin starfsmannafélög innan BSRB voru til. Verkföll hjá þessum sveitarfélögum hafi þó gengið árekstralaust og engar athugasemdir verið gerðar af hálfu sveitarstjórnanna vegna boðunar verkfallsins.

Boðun verkfalls, sem hófst 4. október sl., hafi farið fram með sama hætti. Þó hafi verið send út sérstök tilkynning um uppsögn launaliða kjarasamnings þann 24. júlí 1984, enda hafi það gerst eftir 1977, að tekið var að gera sérstaka kjarasamninga milli BSRB og sveitarfélaganna á þeim stöðum, sem félagar BSRB, sem hafa einstaklingsaðild, starfa. Fyrir 1977 muni aðalkjarasamningur fjármálaráðherra og BSRB hafa verið notaður sem kjarasamningur milli aðila.

Þann 23. september 1984 hafi sveitarstjórnin í Borgarnesi, Hún-

bogi Þorsteinsson, sent tilkynningu sína samkvæmt 27. gr. reglugerðar nr. 236/1976 um það, hverjum starfsmanna sveitarfélagsins skyldi óheimilt að gera verkfall. Tilkynningin hafi verið stíluð á Kjaradeilunefnd, en afrit hafi verið sent til BSRB. Samkvæmt tilkynningu sveitarstjórans undanskilji hann átta nánar tilgreinda starfsmenn sveitarfélagsins verkfallsheimild. Komi fram í bréfinu, að sveitarstjóranum sé kunnugt um „yfirvofandi verkfall opinberra starfsmanna“.

Af hálfu stefnda er sýknukrafan studd þeim rökum, að enginn munur sé á verkfallsboðun BSRB nú og árið 1977 gagnvart þeim sveitarfélögum, sem hafa í þjónustu sinni starfsmenn með einstaklingsaðild að BSRB. Ljóst sé, að hvergi hafi orðið ágreiningur um réttmæti boðunarinnar þá, og líti stefndi svo á, að með því hafi viðkomandi sveitarfélög samþykkt þá aðferð, sem þá var notuð, sem nægjanlega. Styðjist þessi skoðun einnig við meginregluna um verkfallsboðun samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/1938 um, að verkfallsboðun skuli tilkynnt þeim, sem hún aðallega beinist gegn, sbr. dóm Félagsdóms 1952, bls. 213.

Ákvæði 19. gr. reglugerðar nr. 236/1976 sé samhljóða 19. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga BSRB. Í greinargerð með frumvarpinu að lögnum segi svo um 19. gr.:

„Hér er ekki gerð krafa um ákveðið form eða atkvæðagreiðslu við verkfallsboðun, sbr. það, sem sagt er um 11. gr.“

Það, sem sagt sé í athugasemdum um 11. gr., hljóði svo:

„Hér er ekki gerð krafa um ákveðið form eða atkvæðagreiðslu um uppsögn samninga eða boðun verkfalls, þar sem verkfall verður ekki hafið fyrr en að undangenginni almennri atkvæðagreiðslu skv. 21. gr.“

Af tilvitnuðum orðum greinargerðarinnar megi ráða, að ekki séu gerðar ríkar formkröfur um það, hvernig verkfall skuli boðað. Nægjanlegt sé, að það sé boðað með einhverjum sannanlegum hætti. Sé þetta m.a. byggt á því, að til þess að til verkfalls geti komið, þurfi áður að hafa farið fram atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu sáttasemjara. Í þeirri atkvæðagreiðslu eigi kosningarrétt samkvæmt 21. gr. laga nr. 29/1976 og 21. gr. reglugerðar nr. 236/1976 þeir félagsmenn BSRB, sem eiga í kjaradeilu. Lítil hættá sé því á, að fyrirhugað verkfall fari fram hjá þeim aðilum, sem það beinist gegn.

Í þeirri kjaradeilu, sem nú stendur, hafi sáttanefnd lagt fram sáttatillögu samkvæmt 21. gr. reglugerðar nr. 236/1976 og jafnframt frestað boðuðum verkföllum um 15 daga samkvæmt heimild í 22. gr. reglugerðarinnar. Í atkvæðagreiðslunni um sáttatillöguna hafi þeir starfsmenn stefnanda, sem eru félagar í BSRB, verið á kjörskrá. Hafi þeir greitt atkvæði um sáttatillöguna án athugasemda af hálfu stefnanda og með fullri vitneskju hans, og hafi þeir því þar með haft áhrif á það, hvort boðað verkfall kæmi til framkvæmda. Fjármálaráðherra hafi greitt móttakvæði um sáttatillöguna gagnvart einstaklingsaðilum BSRB og ríkisstarfsmönnum. Einungis sveitarstjórar sveitarfélaga, þar sem starfsmannafélög eru, hafi greitt atkvæði á móti starfsmönnum sínum.

Með framangreindu sé sannað, að stefnanda hafi verið fullkunnugt um boðað verkfall þessara starfsmanna sinna, og hafi því verið fullnægt skilyrðum 19. gr. margnefndrar reglugerðar um boðun verkfallsins.

Þessu til frekari staðfestingar liggi frammi í málinu yfirlýsing stefnanda á dómskjali nr. 17, sem beri með sér, að honum hafi verið kunnugt um verkfallsboðunina. Það sé því hrein hártogun hjá stefnanda, þegar hann haldi því fram, að sér hafi ekki verið boðað verkfallið með lögætum hætti. Beri því að hafna kröfum stefnanda.

III.

Álit dómsins.

Í 16. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeildur eru almenn ákvæði um það, hvernig og hverjum beri að tilkynna um fyrirhugað verkfall.

Í 19. gr. reglugerðar nr. 236/1976, sem sett er með stoð í 41. gr. laga nr. 29/1976, eru hins vegar sérákvæði um, að ákvörðun um vinnustöðvun beri að tilkynna ríkissáttasemjara og þeim, sem hún beinist gegn, skemmst 15 sólarhringum, áður en hún skal hefjast. Verkfallsboðun skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

Fyrir liggur í málinu, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Borgarneshreppur gerðu þann 5. júní 1984 skriflegan kjarasamning fyrir tímabilið 1. mars 1984 til 31. mars 1985. Í 4. gr. samningsins er tekið fram, að samningsaðilum sé heimilt að segja upp launaliðum samningsins með mánaðarfyrirvara, þannig, að þeir verði lausir 1. september 1984 og 1. janúar 1985.

Óumdeilt er, að launaliðum kjarasamningsins var sagt upp af hálfu BSRB og uppsögnin tilkynnt stefnanda með bréfi, dagsettu 24. júlí 1984.

Með bréfi, dagsettu 4. september 1984, tilkynnti BSRB fjármálaráðherra og ríkissáttasemjara eftirfarandi:

„Á sameiginlegum fundi stjórnar og samninganefndar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja 3. þ.m. var samþykkt að boða til verkfalla ríkisstarfsmanna, sem eru félagar í BSRB, frá og með 19. september 1984.

Verkfallsboðun þessi er gerð í samræmi við ákvæði laga nr. 29/1976 um kjarasamninga opinberra starfsmanna innan BSRB.

Samkvæmt framanrituðu er hér með boðað til verkfalls ríkisstarfsmanna, sem eru félagar í BSRB, frá 19. þ.m.“

Ágreiningslaust er, að BSRB sendi stefnanda enga verkfallsboðun, svo sem skylt var samkvæmt 19. gr. reglugerðar nr. 236/1976.

Það skiptir ekki heldur máli, þótt fyrirvarsmenn stefnanda hafi haft fregnir af fyrirhuguðu almennu verkfalli BSRB.

Þá getur það engu máli skipt um úrslit málsins, að starfsmenn stefnanda tóku þátt í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu sáttanefndar eða að sveitarstjóri stefnanda ritaði Kjaradeilunefnd bréf 23. september 1984, þar sem hann tilgreindi þá starfsmenn, sem hann taldi óheimilt að gera verkfall samkvæmt 27. gr. reglugerðar nr. 236/1976.

Ekki verður heldur á það fallist með stefnda, að framkvæmd verkfallsboðunar í verkfallinu 1977 hafi fordæmisgildi í máli því, sem hér er til úrlausnar.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið lýst, hefur stefndi ekki sýnt fram á, að hann hafi boðað verkfallið, sem hófst 4. október 1984 hjá stefnanda, með lögmætum hætti. Ber því að taka kröfu stefnanda til greina.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000,00.

D ó m s o r ð:

Verkfall framangreindra félagsmanna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem starfa hjá stefnanda, er hófst 4. október 1984, er ólöglegt.

Stefndi, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja vegna áður-greindra félagsmanna sinna, greiði stefnanda, sveitarstjóra Borgarneshrepps f.h. hreppsins, kr. 10.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. október 1984.

Nr. 8/1984. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
**borgarstjóranum í Reykjavík f.h.
Reykjavíkurborgar**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Frávísunarkröfu hafnað. Sératkvæði.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Ragnar Halldór Hall og Sigurfinnur Sigurðsson.

Málið, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. þ.m. um framkomna frávísunarkröfu, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, birtri 5. október 1984, og var málið þingfest sama dag.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Stefndi er borgarstjórinn í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar.

Í stefnu hefur stefnandi gert þær dómkröfur, „að Félagsdómur dæmi, að sú ákvörðun stefnda að greiða þann 1. október 1984 einungis laun fyrir tímabilið 1.- 3. október 1984 til þeirra starfsmanna sinna, sem starfað hafa a.m.k. eitt ár samfellt hjá stefnda og hafa